

16. stjórnarfundur Leiknar, föstudaginn 31. ágúst 2007 kl. 11.00 – 13.35. Haldinn í fundarherbergi 2 hjá FA í Skeifunni 8, Reykjavík.

Dagskrá:

1. Fundargerðir síðustu funda.
2. Heimasíða Leiknar – tilboð og útlit.
 - a. Frá Snerpu ehf.
 - b. Frá Vestfiðringi ehf.
 - c. Frá Nepal – hugbúnaði ehf.
3. Samningur um starf fyrir Leikn.
4. Norræni samstarfsfundurinn í Stokkhólmi 25.- 26. október 2007.
5. DEMOS verkefnið.
6. Félagsfundur.
7. Íslenska fyrir útlendinga
8. Önnur mál.
 - a. Allur pósturinn sem berst. Hvað á að gera við hann?
 - b. Skráningarkerfi.

Mætt: Björg Árnadóttir, Hulda Ólafsdóttir, Ingibjörg Elsa Guðmundsdóttir og Smári Haraldsson. Guðjónína Sæmundsdóttir og Hildur Elín Vignir boðuðu forföll, svo og Emil Björnsson varamaður.

1. Fundargerðir síðustu fundar.

Fundargerðir . og 15. stjórnarfunda voru samþykktar og undirritaðar. Fundargerðarbók er í vörslu Menntar og þarf að sækja hana. Fræðslumiðstöð Vestfjarða mun halda utan um gögnin í formennskutíð Smára Haraldssonar.

2. Heimasíða Leiknar – tilboð og útlit.

Lögð fram tilboð í hýsingu og gerð heimasíðu Leiknar.

- a) Frá Snerpu ehf. Hýsing léns ásamt vefumsjónarkerfi, kr. 10.000 á mánuði.
Fyrir gerð heimasíðu, kr. 122.010, -
- b) Frá Vestfiðringi ehf. Gerð heimasíðu og vefumsjónarkerfi, 161.850.
- c) Frá Nepal hugbúnaði ehf. Hýsing léns með vefumsjónarkerfi, kr.
Gerð heimasíðu kr. 124.500,

Allar upphæðir eru með VSK

Samþykkt var að taka tilboði Snerpu.

3. Samningur um starf fyrir Leikn.

Lagður fram samningur um vistun Leiknar hjá Fræðslumiðstöð Vestfjarða, ákveðið að bæta inn í samninginn ákvæði um að hann fylgi formennsku í Leikn. Samþykktur með þessari breytingu.

4. Norræni samstarfsfundurinn í Stokkhólmi 25.- 26.október 2007.

Haustfundur Norræna samstarfsins um fullorðinsfræðslu “Folkbildning i Norden” verður haldinn í Stokkhólmi dagana 25. og 26. október n.k.

Formaður getur ekki sótt fundinn hjá í þetta skipti. Emil Björnsson hefur lýst yfir áhuga sínum á að fara. Stjórnin samþykkti að kanna forsendur Emils til að sækja fundinn.

5. DEMOS verkefnið.

Hulda kynnti DEMOS verkefnið og áhuga aðstandenda þess á að kynna það á Íslandi.

6. Félagsfundur.

1. Stjórnin samþykkti að kanna vilja NVL á samstarfi um málþing um DEMOS skýrsluna á Íslandi. Mögulegt væri að tengja félagsfund Leiknar við málþingið. Stjórn horfir til viku 44 í sambandi við þetta.

7. Íslenska fyrir útlendinga.

Hulda óskaði eftir því að úthlutanir til íslenskukennslu yrðu á dagskrá stjórnarfundar og kynnti bréf sitt til MRN vegna málsins. Stjórn ræddi málið frá ýmsum hliðum.

Stjórn Leiknar er sammála um að málið varði meðlimi Leiknar og leggur áherslu á að;

- úthlutunarreglur liggi fyrir með góðum fyrirvara fyrir hverja önn,
- kostnaður sé bundinn fjölda námskeiða, en ekki fjölda nemenda,
- fjöldi námskeiða sem styrktur er hjá hverjum fræðsluáðila liggi fyrir,
- kostnaðarþátttaka ríkisins í hverju námskeiði liggi fyrir,
- greinarmunur sé gerður á framlagi til fræðsluáðila, sem byggja afkomu sína á fræðslustarfsemi og fyrirtækja sem standa fyrir námskeiðum fyrir eigin starfsmenn.

Formanni var falið að senda fundargerð út til félagsmanna og vekja sérstaklega athygli þeirra á 7. lið. Berist ekki athugasemdir mun bókunin send ráðuneytinu.

8. Önnur mál.

- a. Fræðslumiðstöð Vestfjarða heldur utan um skjalasafn Leiknar.
- b. Stjórn Leiknar leggur áherslu á að framkvæmd sé hraðað varðandi gagnagrunn fyrir nemendaskráningu.

Fundi var slitið kl. 13.35

Ingibjörg E. Guðmundsdóttir ritaði fundargerð